

## Almennur sveitarfundur Húnaþingi vestra

### Félagsheimili Hvammstanga 26.04.2010

Árið 2010 mánudaginn 26. apríl var haldinn almennur sveitarfundur Húnaþings vestra í Félagsheimili Hvammstanga og hófst fundur kl. 20:35. Oddviti sveitarstjórnar Guðný Helga Björnsdóttir setti fundinn og stjórnaði honum.

Gengið var til dagskrár.

1. Sveitarstjóri Skúli Þórðarson gerði grein fyrir fjárhagsáætlun Húnaþings vestra og fyrirtækja fyrir árið 2010. Hann fór yfir helstu liði áætlunarinnar og skýrði þá annarsvegar aðalsjóð og hins vegar B-hluta þ.e. fyrirtæki sveitarfélagsins. Þá gerði hann grein fyrir helstu framkvæmdum sem unnið er að á árinu.
2. Oddviti gerði grein fyrir ársreikningi Húnaþings vestra og fyrirtækja árið 2009. Hún fór yfir og skýrði helstu liði reikninganna, fór yfir helstu framkvæmdir á árinu og ræddi almennt um stöðu og horfur í rekstri sveitarfélagsins. Fram kom að reikningurinn er endurskoðaður og afgreiddur við fyrri umræðu í sveitarstjórn en endanlegri afgreiðslu með síðari umræðu er ekki lokið.
3. Almennar umræður og fyrirspurnir. Jóhannes Björnsson spurði hvort stofnfjáreign í Sparisjóðnum hefði verið afskrifuð að fullu og einnig spurði hann hvaða fyrirbæri Hvammstangahöllin væri. Erla Björg Kristinsdóttir spurði um málefni Sparisjóðsins, einkum um afskriftir stofnfjár. Sigurður Björnsson spurðist fyrir um húsaleigu í íbúðum aldra og hvort leigan væri nógu há til að standa undir rekstri þeirra. Sigtryggur Sigurvaldason spurðist fyrir um nýtingu á íbúðum í eigu sveitarfélagsins. Flosi Eiríksson spurði um stöðu fráveitumála í sveitarfélaginu og hvort það hefði undanþágu frá reglum þar um. Brynjólfur Sveinbergsson spurði um stöðu framkvæmda við sundlaugina. Elín Jóna Rósinberg spurði um hljóðeinangrun í Félagsheimilinu Hvammstanga væri nægjanleg þannig að ekki yrði truflun þegar starfsemi væri á báðum hæðum. Guðný Helga, Elín R. Líndal og Skúli Þórðarson svöruðu fyrirspurnum sem komu fram. Síðan var fundarhlé gert til kaffiveitinga í boði sveitarfélagsins kl. 21:30. Fundi var fram haldið kl. 21:55. Flosi Eiríksson spurði hvort aldrei hefði komið fram athugasemd frá endurskoðanda varðandi stofnfjárkaup sveitarfélagsins í Sparisjóðnum. Eyjólfur Gunnarsson lýsti óánægju með léleg hljóðkerfi í félagsheimilunum, spurði um þjónustuhús í Kirkjuhvammi. Einnig hvort ekki væru gerðar verkáætlanir vegna framkvæmda, útboðsmál o.fl. Þorvaldur Böðvarsson spurði um stöðu mála varðandi gerð golfvallar. Eyjólfur Gunnarsson spurðist fyrir um eftirfylgni með því að byggingarreglugerð og lögum væri framfylgt og vísaði í ótilgreind dæmi í því efni. Oddur Sigurðarson ræddi ýmis mál varðandi rekstur og starfsemi sveitarfélagsins. Gagnrýndi m.a. framkvæmd á útboðsreglum vegna framkvæmda á vegum sveitarfélagsins, ræddi síðan málefni sveitarfélagsins vítt og breytt, gagnrýndi meirihluta sveitarstjórnar í ýmsum atriðum og þakkaði síðan íbúum samstarf á liðnum árum. Elín R. Líndal svaraði fyrirspurnum og ýmsum atriðum sem fram höfðu komið. Guðný Helga fór yfir ýmis atriði sem fram höfðu komið og gerði grein fyrir nokkrum atriðum varðandi rekstur sveitarfélagsins. Stefán

Böðvarsson ræddi nokkur atriði í rekstri sveitarfélagsins. Gerði síðan grein fyrir afstöðu sinni til Stofnfjárkaupa í sparisjóðnum og þar hefði ráðið mestu ráðgjöf endurskoðanda sparisjóðsins sem hefði metið áhættuna litla. Jón Ívar Jónsson spurði um afstöðu sveitarstjórnar til stöðu bankamála í héraðinu og hugsanlegum aðgerðum í því efni. Elín R. Líndal og Skúli Þórðarson skýrðu frá því sem sveitarstjórn hefur unnið í málinu og fyrirhugaðan fund með stjórnvöldum. Guðný Helga Björnsdóttir þakkaði sveitarstjórn og starfsmönnum sveitarfélagsins gott samstarf á liðnum árum. Þá þakkaði hún íbúum sveitarfélagsins gott samstarf og lét þess getið að hún gæfi nú ekki kost á sér til áframhaldandi setu í sveitarstjórn.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 23:05.

Ólafur B. Óskarsson fundarritari(sign.),  
Þ. Karl Eggertsson(sign.),  
Elín R. Líndal(sign.),  
Stefán Böðvarsson(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),  
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),  
Oddur Sigurðarson(sign.),  
Halldór Sigfússon(sign.).